



## Alþýðusamband Íslands

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um  
Efnahags- og kjaramál

### Efnahagsmál

Ársfundur ASÍ 2010

#### ***Forsendur stöðugleika***

*Hvað höfum við sagt áður?*

#### Ársfundur ASÍ 2008

Í ályktun um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika segir m.a: „...Alþýðusamband Íslands [telur] afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánaþyrngreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.“

#### Aukaársfundur ASÍ 2009

Í Hagur – Vinna – Velferð segir m.a:

„Stöðugleiki er forsenda þeirra lífskjara sem við viljum búa við

- Ársfundur ASÍ 2008 ályktaði að aðild Íslands að ESB og upptaka evru sé eina færa leiðin til að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar.
- Upptaka evru er forsenda stöðugs verðlags, lágra og stöðugra vaxta og afnáms verðtryggingar.
- Umsókn um aðild að ESB og yfirlýsing um að Ísland stefni að því að taka upp evru sem gjaldmiðil eykur trúverðugleika okkar í glímunni við veikingu krónunnar og efnahagsvandann og hjálpar þannig til við að ná tökum á gengi krónunnar, losa um gjalddeyrishömlur, lækka vexti og draga úr verðbólgu.“

## Stöðugleikasáttmálinn

Í stöðugleikasáttmálanum segir m.a:

„Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Í upphafi viðræðna settu samningsaðilar sér markmið um að í lok árs 2010 verði verðbólgan ekki yfir 2,5%, halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5% af VLF, dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkst og hafi nálgast jafnvægisgengi. Einnig verði vaxtamunur við evrusvæðið innan við 4%. Þannig hafi skapast skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar.“

## **Aukin verðmætasköpun**

*Hvað höfum við sagt áður?*

### Ársfundur ASÍ 2008

Í ályktun um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika segir m.a:

„Ljóst er að mörg fyrirtæki geta lent í erfiðleikum vegna mikillar skuldsetningar og/eða tapa á fjárfestingum í fjármálageiranum. Mikil hætta er á að þessi fyrirtæki lendi í gjaldþroti, þrátt fyrir að um góðan rekstur sé að ræða. Því er mikilvægt að:

- Tryggja aðgengi að fjármagni í fjárfestingar í hagkerfinu þannig að hægt verði að þróa ný störf, tækni og sjálfbæra þróun.
- Skapa forsendur fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins, þar sem hugað verði að nauðsynlegri áhættudreifingu og stýringu. Mikilvægt kann að vera að breyta ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, bæði í lögum og í samþykktum sjóðanna.
- Breyttar forsendur í áhættumati í eignastýringu lífeyrissjóðanna kalla á nýja nálgun í fjárfestingum þeirra. Gera þarf lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í fasteignum eða fasteignafélögum, t.d. eignum sem leigðar eru einstaklingum og fyrirtækjum eða sveitarfélögum og ríkinu.
- Farið verði í átak til að auka neyslu á íslenskri framleiðslu til að efla innlent atvinnulíf og spara dýrmætan gjaldeyri.“

Síðar í sama riti segir m.a:

„Uppbygging til framtíðar:

- Auka þarf stuðning við nýsköpun og hagnýtar rannsóknir með auknum framlögum til Tækniþróunarsjóðs. Efla verður menntun sem stuðlar að aukinni nýsköpun og skapa sprotafyrirtækjum aukna möguleika.
- Leggja þarf áherslu á að hraða undirbúningi framkvæmda og flýta mannaflsfrækum viðhaldsframkvæmdum á vegum ríkis og sveitarfélaga, en fresta verkefnum sem eru með minna vægi mannafla. Til að tryggja atvinnu er mikilvægt, þar sem því verður við komið, að haga umfangi framkvæmda þannig, að ekki komi til útboða á evrópska efnahagssvæðinu. Einnig þarf að leggja áherslu á verkefni sem ekki þurfi að fara í umhverfismat eða tímafreka skipulagsvinnu.
- Ríkisstjórnin þarf að gefa út skýr skilaboð um að barist verði fyrir hagsmunum Íslands í loftslagssamningunum. Sérstaklega þarf að tryggja að íslenska ákvæðið gildi áfram. Ennfremur þarf að styðja dyggilega við geiranálgun.
- Ríkisstjórnin þarf að koma fram með skýra stefnu um stuðning við áform um virkjanir og orkunýtingu. Opinberar stofnanir sem fjalla um þessi mál þurfa að fá skýr skilaboð um vilja ríkisstjórnarinnar. Gæta verður þess við val á virkjunaráformum að ekki verði slakað á kröfum um verndun náttúru Íslands.
- Mikilvægt er að endurskoða reglur, verkferla og vinnubrögð vegna umhverfismats, þar sem lögð verði áhersla á að byggja upp meiri sérfræðiþekkingu hjá Umhverfisstofnun og ákveðnari tímafrest á málsmeðferð.
- Styðja þarf við frekari uppbyggingu og rannsóknastarf í háskólum.
- Auka þarf stuðning við hönnun og vöruþróun í atvinnulífinu til að vinna nýja útflutningsmarkaði.“

## Aukaársfundur ASÍ 2009

Í Hagur – Vinna – Velferð segir m.a:

„Skapa aðstæður fyrir stofnun sérstaks fjárfestingarsjóðs sem hafi það hlutverk að koma að uppbyggingu atvinnulífsins m.a. með því að ljúka uppgjöri milli lífeyrissjóða og skilanefnda bankanna. Mikilvægt er að sem flestir aðilar, innlendir og erlendir, komi að stofnun og rekstri slíks sjóðs.

- Stuðla að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis.
- Skapa aðstæður fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki á alþjóðamarkaði til að fjárfesta frekar innanlands en utan en óvissa og óstöðugleiki í íslensku efnahagslífi hafa latt þau til þess.
- Tryggja þarf öflugt samkeppniseftirlit og virka neytendavernd til þess að vinna gegn því að rekstrarerfiðleikar og samruni fyrirtækja hafi skaðleg áhrif á samkeppni og auki hér fákeppni.“

## Stöðugleikasáttmálinn

Í stöðugleikasáttmálanum segir m.a:

„Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu:

Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórfamkvæmda sbr. Þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.

Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra.

Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009. Aðkoma lífeyrissjóða að slíkum verkefnum útilokar ekki þátttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra.

Sveitarfélög og önnur stjórnvöld tryggi að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar leyfisveitingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestum eins og kostur er.“

## Ársfundur ASÍ 2009

Í ályktun ársfundar 2009 um efnahags- og kjaramál segir m.a:

„Ársfundurinn bendir á að aukin verðmætasköpun er eina færa leiðin út úr efnahagsvandannum. Verkalýðshreyfingin undirritaði Stöðugleikasáttmála í sumar sem hafði það markmið að stuðla að endurreisn efnahagslífsins með því að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu, nýrri sókn í atvinnumálum, auknum hagvexti og leggja þannig grunn að bættum lífskjörum til framtíðar.“